REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	Kr.
a) Umsóknargjald	7.000
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	12.500
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	850
d) Forgangsréttarskjal	1.600

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	1.200
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	850
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi (allt að 20 síður A4)	1.600

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 . . . . . 26.000

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	12.500
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	43.500
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	87.000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 82, 21. febrúar 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1989.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.